

Nd.

216. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenskum þilskipum.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild kaus til að íhuga lífsábyrgðarfrumvarpið, hefir rætt það á fundum sínum og orðið sammála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Breytingarnar eru aðallega orðabreytingar.

Breytingatillögurnar eru þessar:

1. Við 5. gr. 1. lið: á eftir orðinu »deyr« komi: af slysförum á skipi eða af veikindum er hann hefir fengið um borð.
2. Við sömu gr. í staðinn fyrir: »systkyna« komi systkina.
3. Við 7. gr. í staðinn fyrir »12000« komi: 15000.
4. 8. gr. orðist þannig:
Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.
5. Við 9. gr. í staðinn fyrir »Seð« komi: Með.

Neðri deild alþingis 13. marz 1909.

Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl, Stefán Stefánsson Eyf.
formaður. skrifari og framsögum.

Pétur Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogu.